

Lögboðin ökutækjategygging samanstendur af þremur váttryggingum. Ábyrgðartrygging bætir fjárhagslegt tjón þriðja aðila sem hlýst af notkun ökutækisins, bæði eigna- og líkamstjón. Slysategygging ökumanns og eiganda bætir líkamstjón ökumanns og eiganda. Þessar váttryggingar eru lögboðnar samkvæmt lögum um ökutækjategyggingar nr. 30/2019 og reglugerð nr. 1244/2019. Slysategygging ökumanns og eiganda er valkvæð þegar um torfærutæki er að ræða samkvæmt 11. gr. laganna. Bílrúðutrygging er valkvæð og bætir brot á bílrúðum. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk [almennra skilmála félagsins nr. 001](#).

1. KAFLI	LÖGBOÐIN ÁBYRGÐARTRYGGING	1
2. KAFLI	SLYSATRYGGING ÖKUMANNNS OG EIGANDA	1
3. KAFLI	BÍLRÚÐUTRYGGING	1
4. KAFLI	ALMENN ÁKVÆÐI	2

Váttryggður er eigandi eða varanlegur umráðamaður ökutækisins. Í slysategyggingunni er einnig váttryggður sá ökumaður sem stjórnar ökutækinu með samþykki eiganda og er ábyrgur fyrir því.

1. KAFLI LÖGBOÐIN ÁBYRGÐARTRYGGING

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin nær til sérhverrar skaðabótakröfu sem váttryggingartaka er skylt að váttryggja gegn samkvæmt íslenskum lögum sem eigandi hins váttryggða ökutækis, vegna tjóns er hlýst af notkun þess.

2. gr. Skemmdir á eigin ökutæki

Váttryggingin tekur ekki til skemmda á ökutækinu sjálfu eða öðrum eignum váttryggingartaka, váttryggðs eða ökumanns. Þó bætir váttryggingin skemmdir á eigin bifreið váttryggðs (váttryggingartaka) af völdum áaksturs hins váttryggða ökutækis.

3. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Um ákvörðun bóta fer eftir ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 og almennum skaðabótareglum. Verði váttryggði skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækisins erlendis, gilda reglur þess ríkis um uppgjör bóta. Hámarksbætur til tjónþola vegna einstaks tjónsatburðar ákvarðast með auglýsingu fjármála- og efnahagsráðherra, sem birt skal í Stjórnartíðindum samkvæmt heimild í lögum um ökutækjategyggingar.

2. KAFLI SLYSATRYGGING ÖKUMANNNS OG EIGANDA

4. gr. Hvað bætir tryggingin?

Slys á ökumanni. Félagið greiðir bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss sem ökumaður verður fyrir við notkun hins váttryggða ökutækis, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um ökutækjategyggingar nr. 30/2019.

Slys á váttryggingartaka. Félagið greiðir einnig bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss sem váttryggingartaki verður fyrir sem farþegi í eigin ökutæki eða af völdum notkunar þess, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga um ökutækjategyggingar nr. 30/2019.

5. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur úr slysategyggingunni greiðast í samræmi við 1. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993 og almennar reglur íslensks skaðabótaréttar. Ef tjónþoli á rétt á skaðabótum skv. reglum laga um ökutækjategyggingar eða öðrum skaðabótareglum lækka bætur úr þessari váttryggingu sem því nemur sbr. 5. mgr. 9. gr. laganna. Hámarksbætur til tjónþola vegna einstaks tjónsatburðar ákvarðast með auglýsingu fjármála- og efnahagsráðherra, sem birt skal í Stjórnartíðindum samkvæmt heimild í lögum um ökutækjategyggingar. Framangreindar reglur gilda einnig um ákvörðun bóta vegna umferðarslysa sem verða utan Íslands.

3. KAFLI BÍLRÚÐUTRYGGING

6. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin bætir brot á bílrúðum hinnar váttryggðu bifreiðar ásamt ísetningarkostnaði. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist. Váttryggingin bætir eingöngu fram-, hliðar- og afturrúður.

7. gr. Undanþágur

Rúða sem brotnar við úrtöku eða ísetningu er ekki bætt. Ekki er bætt tjón vegna afnotamissis bifreiðarinnar er rúða brotnar.

8. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur úr bílrúðutryggingu greiðast aðeins gegn framvísun reiknings fyrir efni og vinnu verkstæðis. Bætur geta þó aldrei orðið hærrí en sem nemur 50% af raunvirði ökutækisins. Raunvirði er sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi, miðað við staðgreiðslu. Bætur miðast við sambærilega bílrúðu með sömu eiginleika og sú sem var í bifreiðinni fyrir tjónið. Leita skal fyrir fram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

9. gr. Sérregla um eigin áhættu

Ef hægt er að gera við bílrúðu án þess að skipta um þarf váttryggður ekki að greiða eigin áhættu.

4. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI**10. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Váttryggingin gildir um notkun ökutækis á Íslandi og í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Einnig gildir váttryggingin í Sviss. Váttryggingartaki skal leysa til sín alþjóðlegt váttryggingarkort fyrir ökutæki ("grænt kort") vegna aksturs erlendis, enda eigi ríkin aðild að samningum um notkun slíks váttryggingarkorts.

11. gr. Varúðarreglur

Váttryggður og sá sem hefur ökutækið undir höndum skal sjá til þess að það sé í lögmæltu ástandi, að ökutækið sé fært til lögbundinnar skoðunar og viðhald ökutækisins sé eðlilegt. Sérstaklega ber honum að sjá um að öryggistæki svo sem dekk og hemlabúnaður sé í lagi.

Ökumaður skal vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.

Ökumaður skal hafa hæfni til þess að stjórna ökutækinu örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi.

12. gr. Breytingar á áhættu

Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust ef hann flytur búferlum. Iðgjald þessarar váttryggingar fer eftir notkun hins váttryggða ökutækis sem tilgreind er á váttryggingarskírteini. Verði breyting á notkun ökutækisins ber váttryggðum að tilkynna félaginu það jafnskjótt og honum er kunnugt um það.

Váttrygging þessi tekur ekki til aksturskeppni nema um annað sé samið gegn viðbótariðgjaldi og áritað á skírteini.

13. gr. Iðgjaldsauki

Greiði félagið bætur úr váttryggingunni skal váttryggingartaki greiða iðgjaldsauka í samræmi við iðgjaldaskrá félagsins. Fjárhæð iðgjaldsauka skal tilgreind í váttryggingarskírteini. Iðgjaldsaukinn fellur í gjalddaga þegar félagið hefur greitt bætur fyrir tjón sem að lágmarki nemur fjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini. Ákvæði þetta gildir ekki um bílrúðutryggingu.

14. gr. Áhrif vanskila á iðgjaldi og uppsögn váttryggingar

Iðgjald lögbodinnar ábyrgðartryggingar og slysatryggingar ökumanns og eiganda ásamt vöxtum og kostnaði nýtur lögveðs í hinu váttryggða ökutæki og gengur framur öðrum áhvílandi veðskuldum í 2 ár frá gjalddaga iðgjaldsins, samkvæmt 12. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Félaginu er á grundvelli lögveðsins heimilt að krefjast nauðungarsölu á ökutækinu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Lögveð í ökutækinu fellur ekki niður við eigendaskipti.

Verði vanskil á iðgjaldinu getur félagið fellt váttrygginguna úr gildi samkvæmt ákvæðum laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 sbr. einnig 13. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019 og tilkynnt það Samgöngustofu. Ber þá lögreglustjóra að hlutast til um að ökutækið sé tafarlaust tekið úr umferð með því að fjarlægja skráningarmerki þess. Félaginu ber að tilkynna viðkomandi það með sannanlegum hætti að það hyggist nýta þennan rétt sinn og réttaráhrif slíkrar tilkynningar. Þrátt fyrir niðurfellingu ábyrgðartryggingarinnar ber félagið áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að váttryggingin féll úr gildi nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið keypt. Bótaréttur úr slysatryggingu ökumanns og eiganda fellur niður um leið og félagið tilkynnir Samgöngustofu um uppsögn eða þegar skráningarmerki eru lögð inn hjá Samgöngustofu, samkvæmt 14. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.

Uppsögn að beiðni váttryggingartaka kemur ekki til framkvæmda fyrr en eigandi ökutækisins hefur stofnað til nýrrar váttryggingar hjá öðru váttryggingafélagi eða opinber staðfesting liggur fyrir um að ökutækið hafi verið tekið úr umferð með afskráningu eða innlögð skráningarmerkja til Samgöngustofu.

15. gr. Endurgreiðsla iðgjalds við lok váttryggingar

Við lok váttryggingarinnar endurgreiðir félagið hlutfallslega þau iðgjöld, sem þegar eru greidd fyrir tímabilið eftir lok hennar í samræmi við almenna skilmála og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þetta gildir þó ekki um váttryggingar fyrir dráttarvélur, snjóbíla, torfærutæki (vélsleða og fjórhjól), fornbíla og húsbíla enda hafi verið tekið tillit til árstíðabundinnar notkunar þessara tækja við iðgjaldsákvörðun.

16. gr. Endurkrafa félagsins**Endurkrafa vegna réttindaleyfis, ásetnings, stórkostlegs gáleysis, eigendaskipta eða vanskila**

Félagið getur endurkrafið váttryggingartaka og/eða ökumann, hafi félagið vegna ákvæða laga um ökutækjatrýggingar, reglugerðar eða váttryggingarskilmála greitt bætur fyrir tjón, sem váttryggður á ekki rétt á váttryggingarvernd gegn, þegar:

a. Váttryggður hefur ekki öðlast réttindi til að aka ökutæki því er um ræðir eða misst réttindi til að aka því.

- b. Tjóni hefur verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Við mat á því hvort háttsemi telst fela í sér stórkostlegt gáleysi er meðal annars litið til þess hvort váttryggður taldist ekki geta stjórnað ökutæki örugglega eða var óhæfur til þess samkvæmt ákvæðum umferðarlaga vegna undanfarandi neyslu áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.
- c. Liðnir voru 14 dagar frá eigendaskiptum
- d. Váttryggingin var fallin úr gildi vegna vanskila á lögjaldi eða eftir uppsögn.

Útleiga án ökumanns

Þegar ökutæki er leigt án ökumanns í samræmi við lög um leigu skráningarskyldra ökutækja nr. 65/2015 heldur váttryggingin gildi og endurkröfurétti verður ekki beitt gegn váttryggingartaka (leigusala), enda þótt leigutaki gerist brotlegur gegn ákvæðum skilmála váttryggingarinnar. Ákvæði skilmálanna haldast hins vegar óbreytt ef um er að ræða háttsemi váttryggingartaka eða manns sem hann ber ábyrgð á. Félagið á endurkröfurétt á hendur váttryggðum vegna tjóns sem hlýst þegar ökutækið er leigt án ökumanns andstætt ákvæðum laga nr. 65/2015. Sýni váttryggður fram á að orsakir tjóns eða það hversu víðtækt tjón er verði ekki rakið til brots á fyrirmælum laga þessara, á félagið þó ekki endurkröfu.

Annar akstur en tilgreindur er

Félagið getur endurkrafíð váttryggingartaka og/eða ökumann þegar ökutækið er notað til annars aksturs en þess sem getið er í váttryggingarskírteininu.

Tilvísun til lagaákvæða

Ákvæði skilmála þessara skerða ekki að neinu leyti þann endurkröfurétt sem félagið á eða kann að eignast samkvæmt almennum réttarreglum, lögum um ökutækjatriyggingar nr. 30/2019 eða lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2020